

Norðurþing
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Garðarsbraut 7-9
640 Húsavík

Húsavík, 15.nóvember 2022

Efni: Umsögn vegna skipulags og matslýsingar vegna nýs deiliskipulags fyrir Akursel í Norðurþingi.

Samherji Fiskeldi hóf nýlega stækkun eldisstöðvar sinnar í Öxarfirði, þar sem byggja á fimm ný ker. Stöðin hefur leyfi til framleiðslu á 3000 tonnnum af laxi og bleikju á ári en framleiðir í dag um 1600 tonn. Til að auka framleiðsluna þarf að byggja fleiri eldisker. Allt frárennsli verður hreinsað með síum og fasta efninu verður safnað saman í hreinsistöð sem staðsett verður innan lóðar. Í hreinsistöðinni verður fullkominn búnaður sem þykkir fastefnið og blandar það með lút (NAOH) til að staðla sýrustig, eyða lykt og stöðva bakteríuvöxt. Að lokum er vatni pressað úr þannig að úr verður fiskimykja með um 20 % þurrefnisinnihaldi. Mykjunni verður síðan dælt um 500 m leið yfir Brunná og niður á sandinn norðvestan við ána sem er í svokölluðu Akurselslandi. Þar verður mykjunni safnað í safntank sem tæmdur verður reglulega með hefðbundinni haugsugu og mykjunni dreift á valin svæði í landi Akursels. Jafnframt verður bændum á svæðinu gert kleyft að nálgast fiskimykjuna beint í hreinsistöðina og nýta hana til landgræðslu eða ræktunar. Samherji Fiskeldi festi kaup á landi Akursels árið 2021 og hefur í samstarfi við Skógrækt ríkisins gert drög að áætlun um uppgræðslu skóga á svæðinu og kolefnisjöfnun starfseminnar (sjá fylgiskjal með myndum og frekari umfjöllun). Reiknað er með að hefja dreifingu á mykjunni vorið 2023. Þegar hefur verið sótt um áburðarleyfi til MAST.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra gerir ekki athugasemdir við kynninguna á þessu stigi.

Virðingarfyllst:

Jóhannes H hauksson
heilbrigðisfulltrúi